

See discussions, stats, and author profiles for this publication at: <https://www.researchgate.net/publication/293877675>

Víxlnefur sést í fyrsta sinn [The first record of Two-barred Crossbill in Iceland]

Article · June 2013

CITATION

1

READS

99

1 author:



Yann Kolbeinsson

Náttúrustofa Norðausturlands

47 PUBLICATIONS 197 CITATIONS

SEE PROFILE

Some of the authors of this publication are also working on these related projects:



River Laxá Ecosystem [View project](#)



Differentiation of Icelandic redpolls [View project](#)

Víxlnefur sést í fyrsta sinn

Víxlnefur sást í fyrsta sinn á Íslandi á Stöðvarfirði þann 6. ágúst 2009 þar sem hann dvaldi í tvo daga. Um er að ræða finkutegund sem verpir í barrskógabelti umhverfis norðurhvel, næst okkur í norðaustanverðri Skandinavíu.

Í kjölfar suðaustanvinda þann 5. ágúst 2009 (sjá *Wetterzentrale*) ákvað ég að líta eftir fuglum á völdum stöðum á Austfjörðum 6. ágúst 2009. Óvanalegt er að fá ákveðnar suðaustanáttir sem ná langleiðina suður Norðursjó svo snemma hausts og var þetta því gott tækifæri til að kanna komur flækingspörfugla á þessum tíma þrátt fyrir erfiðar aðstæður, þ.e. mikið laufþykki í gördum og trjálendi.

Árangur ferðarinnar var dræmur þar til komið var að síðasta viðkomustaðinn, Stöðvarfirði. Í skrudgarðinum austan þorps sást fyrsti flökkufuglinn, ungur laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*. Ekki er þó hægt að útiloka að fuglinn hafi alist upp á Stöðvarfirði þar sem laufsöngvari sást á sama stað fyrr um sumarið (Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013). Skömmu síðar, á leið í bílinn hálf niðurlútur eftir slakan árangur dagsins sá ég hóp krossnefa *Loxia curvirostra*, u.þ.b. tuttugu fugla. Eins og kunnugt er tilheyr þeir hópi „flökkufugla“ sem leggjast á flakk yfir V-Evrópu í lok varptímans þegar fæðuskortur gerir vart við sig í þeirra heimkynnum, austar og norðar í álfunni. Sumarið 2009 var eitt af þeim sumrum þar sem mikill fjöldi krossnefa lagði leið sína til NV-Evrópu, þ.m.t. Íslands þar sem vel yfir 600 fuglar voru skráðir (Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013). Það er einmitt við svona aðstæður sem helst er von á að rekast á víxlnef *L. leucoptera* sem er náskyldur

krossnef en heimkynnin enn austrænni og tegundin mjög sjaldséð í norðvestanverðri Evrópu.

Innan um krossnefina varð ég fljótlega var við tvö áberandi hvít vængbelti en ég ætlaði þó ekki að trúa því að þetta væri að gerast. Þarna var fullorðinn víxlnefskarl í fæðuleit í graslendi milli grenitrjáaþyrpinga! Hann gaf gott færi á sér þar sem hann týndi fíflafræ *Taraxacum* sp. og flaug upp í grenitrén til að éta fræin og hvílast (1. mynd). Krossnefir geta stundum sýnt mjög, hvít vængbelti en svoleiðis fugl var strax útilokaður. Vöxturinn var auk þess lítillega öðruvísi, fuglinn virkaði mjóslegnari og rauði búningurinn sýndi ekki sama rauða litinn og krossnefir. Hann var einhvern veginn skærrauðari sem bendir einnig til þess að fuglinn tilheyrir evrasísku undirtegundinni *bifasciata* en ekki þeirri norður-amerísku *leucoptera* sem er bleikari að lit en sú evrasíska. Fáeinir fuglaskoðarar lögðu leið sína frá Reykjavík og Höfn til að berja fuglinn augum sem staldraði við til 7. ágúst (2. mynd). Veður, sem hafði verið þungbúið og rakt, skánaði þá og hurfu krossnefirir ásamt víxlnefum.

Hér er um að ræða fyrsta fund tegundarinnar á Íslandi. Víxlnefir verpa í barrskógabeltinu umhverfis norðurhvel en eru þó strjálir í Skandinavíu þar sem þá er helst að finna norðaustast í álfunni. Í flökkuárum geta þeir fundist utan hefðbundinnar útbreiðslu, t.d. til suðurs frá varpheimkynnum í N-Ameríku og til (suð)vesturs



1. mynd. Víxlnefurinn sést hér neðst til hægri ásamt tveimur krossnefum. – *The Two-barred Crossbill, lower right bird, with two Red Crossbills.*
– Yann Kolbeinsson, 6. ágúst 2009.



2. mynd. Víxlnefurinn, fullorðinn karlfugl, á Stöðvarfirði sést hér gæða sér á fíflsfræi *Taraxacum* sp. – Adult male Two-barred Crossbill at Stöðvarfjörður, E Iceland, feeding on a dandelion *Taraxacum* sp. – Ómar Runólfsson, 7. ágúst 2009.

í Evrópu. Lengi hefur þó verið beðið eftir að tegundin myndist hér þar sem ellefu fuglar hafa fundist á Færeyjum til ársins 2011, þar af átta fyrir 2009. Allir hafa sést að sumri til nema tveir að haustlagi. Árið 2009 sást einn fugl, fullorðinn karlfugl þann 1. ágúst 2009 (Silas K. K. Olofson, skrifl. uppl.). Víxlnefir hafa sömuleiðis fundist á Hjaltlandseyjum norðan Skotlands, samtals 110 fuglar til ársins 2011 (Pennington o.fl. 2004, Mike Pennington, skrifl. uppl.). Langflestir (73 fuglar) hafa fundist í ágúst og flestir fundust árin 1987 (19), 2002 (14) og 2008 (48). Á óvart kemur að aðeins einn fugl fannst sumarið 2009, karlfugl á Fair Isle 23. júlí. Það var því einungis tímaspursmál hvenær tegundin myndist hér. Helst myndi það velja á því að krossnefir þeir sem væru á flakki væru mjög austrænir að uppruna, helst frá Rússlandi, þar sem víxlnefir eru algengari. Nýleg rannsókn á komum krossnefa í NV-Evrópu m.t.t. uppruna út frá efnasamsetningu fjaðra, bendir til að krossnefsgöngur sem komi síðar á sumrin (frá lokum júlí fram í september) séu ættaðar lengra að úr austri (Marquiss o.fl. 2012). Þess vegna má leiða líkum að því að slíkar göngur séu líklegri til að skila víxlnefum til V-Evrópu en ella.

ÞAKKIR

Silas Olofson og Mike Pennington fá þakkir fyrir veittar upplýsingar um stöðu tegundarinnar í Færeyjum og Hjaltlandseyjum.

HEIMILDIR

Marquiss, M., I. Newton, K.A. Hobson & Y. Kolbeinsson 2012. Origins of irruptive migrations by Common Crossbills *Loxia curvirostra* into northwestern Europe revealed by stable isotope analysis. – *Ibis* 154: 400-409.

Pennington, M., K. Osborn, P. Harvey, R. Riddington, D. Okill, P. Ellis & M. Heubeck 2004. *The Birds of Shetland*. A & C Black, London.

Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2009. – *Bliki* 32: 37-56.

Wetterzentrale, <http://www.wetterzentrale.de/topkarten/tkfaxbraar.htm> [skoðað 09.01.2013].

SUMMARY

The first record of Two-barred Crossbill in Iceland

An adult male Two-barred Crossbill *Loxia leucoptera* was found amongst twenty Red Crossbills *L. curvirostra* at Stöðvarfjörður, E-Iceland, on 6 August 2009 following southeasterly winds the previous day. It remained there until the 7th after which day it disappeared along with the other crossbills. It was assigned to the Eurasian subspecies *bifasciata*, based on the more reddish colour of the body while the Nearctic race *leucoptera* shows a more pinkish body. A large influx of Red Crossbills took place in Iceland during summer 2009, with well over 600 birds recorded (Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013), many of which arrived rather late in the summer suggesting more eastern origins (Marquiss *et al.* 2012) which may explain the appearance of the Two-barred Crossbill. Although there wasn't an influx of Two-barred Crossbills in northwestern Europe during that summer, single birds were sighted in Shetland (Fair Isle) on 23rd July 2009 and in the Faroes, on 1st August 2009.

This is the only accepted record of Two-barred Crossbill in Iceland to date where it was expected to eventually show up given that eleven have been recorded in the Faroes and no less than 110 in Shetland till the end of 2011.

Yann Kolbeinsson, Náttúrustofu Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (yann@nna.is).

Tilvitnun:

Yann Kolbeinsson 2013. Víxlnefur sést í fyrsta sinn. – *Bliki* 32: 57-58.